



ORKUSTOFNUN

**Ingólfsfjall. Lauslegt mat á efnismagni í
námu**

Þórólfur H. Hafstað

Greinargerð PHH-97-03

Ingólfsfjall

Lauslegt mat á efnismagni í námu

Gerð hefur verið tilraun til að meta hversu mikið vinnanlegt efni er eftir í skriðuefnisnámunni sunnan í Ingólfsfjalli.

Þann 29. október 1997 skoðaði ég námusvæðið og næsta nágrenni þess. Grafnar voru tvær könnunargryfjur með traktorsgröfu og borað með svokölluðum cobra-bor á nokkrum stöðum í námunni. Með honum eru stálstangir reknar niður með titringi með það fyrir augum að finna dýpi á fasta klöpp.

Hér er um að ræða skriðuefni, töluvert misjafnt að gæðum. Mestur hluti þess er upprunninn úr móbergsbreksíu, sem myndar efri hluta fjallsins. Þykkast er skriðuefnið niður undan Djúpadal. Fram úr dalnum liggur keilulaga skriðuvængur og hefur vesturhluti hans nú að mestu leyti verið brott numinn. Í námunni sést fallegt, veggbratt snið gegnum skriðuna. Hinn helmingur skriðuvængarins er að mestu óspjallaður. Eitt aðalvatnsból Selfossbæjar er við suðausturjaðar hans og er það í mengunarhættu ef vinnslu verður haldið áfram til austurs í námunni.

Í vestari hluti námunnar er efnið blandaðra, bæði að berggerð og kornastærð, enda er hliðin þar ofan við til muna brattari. Skriðuefnið er að mestu uppbotin móbergsbreksía sem alla jafnan molnar vel niður þegar hrynur úr hömrnunum. Innan um og samanvið eru þó stóreflis björg og stundum eru einstakir steinar allt að þrír metrar í þvermál. Þá má þó efalaust brjóta niður.

Ástæða þótti til þess að ganga úr skugga um hvort skriðuefni væri að finna undir mýrarjarðveginum utan við fjallsræturnar. Einnig þótti það ekki útilokað að þar gætu verið að finna malar- og sandlög. Grafið var með traktorsgröfu frá Selfossbæ á tveim stöðum og er skemmst frá að segja að skriðufóturinn er mjög endasleppur. Í gryfju rétt neðan gamla þjóðveggarins verður vart við grjóturð á rúmlega 4 m dýpi. Borað var við hliðina á þessari gryfju með cobrabor og kom þá í ljós að urðarlagið, skriðan, er rétt um 1 m að þykkt og að undir því er leirkennt sjávarset. Borað var niður á 9 m dýpi og var þá líkast til komið niður á fast berg.

MA EKKI FJARLÆGJA

Borað var svo á þrem stöðum niður í botn námunnar. Illa gekk að reka niður borinn, enda eru í skriðuefninu víða stórir steinar. Borinn komst 5 m niður úr gryfjubotninum, þar sem hann liggur lægst og 7 1/2 m alveg innst undir bröttu stáli sem verið er að vinna úr. Við þessar aðstæður getur borun með cobrabor ekkert sýnt annað en lágmarksþykkt lausra jarðlaga. Borgangurinn var hægur og skrykkjóttur og telst það vissst að neðan við núverandi námubotn séu 5 - 7 1/2 m af vinnanlegu efni.

Þegar hér var komið þóttu vera komnar forsendur til að giska á hversu mikið af vinnanlegu efni væri eftir í námunni. Hér er engan veginn um nákvæmt mat að ræða, enda mundi til þess þurfa töluverðar landmælingar og jafnvel boranir með tækjum sem ráða við grófasta efnið í skriðunni.

Litið er á um 400 m breitt svæði frá austurmörkum námunnar og vestur að línu, sem dregin er til fjalls beint upp af beygju á afleggjaranum að svæðinu. Vestan línunnar heldur skriðan áfram, en er líkast þynnri en vestan hennar.

Reynt var að nálgast mat á heildarmagninu á tvo mismunandi vegu. Fékkst annars vegar að eftir væru 860 þúsund rúmmetrar og hins vegar 1200 þúsund. Niðurstaðan er því að með hóflega settum skekkjumörkum ætti að vera hægt að vinna 750 - 1500 þúsund rúmmetra á þessu svæði. Ekkert mat er lagt á efnisgæði.

Þórólfur H. Hafstað